

48. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 16. maí 2007 á Salatbarnum.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Helga Tuliníus, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Aðalfundargerðin komin inn á heimasíðu Alnæmisbarna.

Fjármál – svar frá Pokasjóði, styrkir frá Utanríkisráðuneyti og Ferðaskrifstofu Íslands

Okkur barst neikvætt svar um fjárhagslegan styrk frá Pokasjóði. Í apríl veitti Utanríkisráðuneytið styrk að upphæð einni milljón krónur og Ferðaskrifstofa Íslands að upphæð kr. 200.000,-. Ferðaskrifstofa Íslands veitir árlega styrk til góðgerðarmála og að þessu sinni urðu Alnæmisbörn fyrir valinu.

Málefni CLF

Um þessar mundir eru Gestur, sem er í stjórn CLF, og Rosette, framkvæmdarstjóri CLF, að senda póst sín á milli um breytingar í samstarfi Alnæmisbarna og CLF vegna nýrra verkefna sem liggja fyrir. Við óskum m.a. eftir því að fá í okkar hendur áætlun um fyrirhugaða byggingu nýs húss fyrir starfsemi CLF. Við þurfum t.d. að vita að hvað miklu leiti Japanir ætli að kosta til slíka byggingu og hvers konar rekstur CLF hyggst stefna að að lokinni byggingu hússins. Óskum við eftir því að Rosette vinni þessi mál sem mest í samstarfi við stjórn CLF. María, fyrir hönd stjórnar Alnæmisbarna, hefur einnig sent bréf til CLF með tillögur um bætt fyrirkomulag á samstarfi okkar. E.t.v. þarf að kanna betur hvort hentugara sé að kaupa frekar hús til starfsemi CLF en að byggja nýtt hús. Það myndi vafalaust einfalda mikið vinnuna vegna flutning starfseminnar.

Innheimta félagsgjalda

Ákveðið að senda tölvupóst til allra meðlima Alnæmisbarna þar sem það er miklu ódýrara en að senda pappírspóst. Verða styrktaraðilar stúlkanna annars vegar og félagsmenn hins vegar beðnir um að greiða viðeigandi gjöld. Eftir um það bil mánuð verður aftur minnt á greiðsluna með því að senda m.a. lista yfir þá sem búnir eru að greiða gjöldin Einnig verði allar þeir sem óska ekki eftir því að fá oftast sendan póst af okkar hálfu hvattir til þess að láta okkur vita.

Heimasíða

Ætlum að skrifa styrkveitinguna frá Utanríkisráðuneytinu og Ferðaskrifstofu Íslands sem frétt inn á heimasíðu Alnæmisbarna.

Önnur mál og næsti fundur

Erum sammála um mikilvægi þess að einhver í stjórn Alnæmisbarna eða Gestur heimsæki Rosette og CLF sem fyrst. Gestur fer næst út í október. Ákveðið að athuga hvort Hildur hafi tök á því að fara í nánustu framtíð.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 6. júní kl.12-13 á Salatbarnum.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar